



GREINARGERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN 2017-2020

Fjárhagsáætlun 2017-2020. Greinargerð
Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar
Seinni umræða vegna ársins 2017
7. desember 2016

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Forsendur áætlunar 2017–2020	6
Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	10
2.1 A- og B-hluti	10
2.2 A-hluti	11
2.3 Aðalsjóður	11
2.4 Fjölskylduþjónusta	13
2.5 Fræðslu- og frístundaþjónusta	17
2.6 Æskulýðs- og íþróttamál	21
2.7 Menningarmál	24
2.8 Brunamál og almannavarnir	28
2.9 Hreinlætismál	28
2.10 Skipulags- og byggingarmál	29
2.11 Umferðar- og samgöngumál	30
2.12 Umhverfismál	30
2.13 Sameiginlegur kostnaður	31
2.14 Eignasjóður	33
2.15 Vatnsveita	35
2.16 Fráveita	35
2.17 Húsnæðisskrifstofa	36
2.18 Hafnarfjarðarhöfn	37
Framkvæmdaáætlun 2017	38

Inngangur

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar er í tveimur hlutum. Annars vegar er þar um að ræða greinargerð og hins vegar tölulegan hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A- og B-hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Á síðasta ári fór fram ítarleg greining á öllum rekstri sveitarfélagsins og lagðar voru fram tillögur til úrbóta sem síðan var ráðist í að stórum hluta. Lögð var áhersla á að bæta reksturinn með það að markmiði að auka þjónustu, draga úr álögum á íbúa, greiða niður skuldir og fjárfesta fyrir eigið fé. Umtalsverður halli var á rekstri sveitarfélagsins árið 2015 en fjárhagsáætlun ársins 2016 gerði ráð fyrir verulegum breytingum í rekstri frá því sem var árið á undan. Rekstrarniðurstaða fyrri hluta árs 2016 var jákvæð um 483 milljónir kr. en áætlun gerði ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði 134 milljónir kr. fyrstu sex mánuði ársins. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu í lok árs 2016 og verulegri aukningu í veltufé frá rekstri. Samkvæmt útkomuspá bendir ekkert til annars en að þetta gangi eftir og jafnvel betur en áætlunin gerir ráð fyrir. Einnig stefnir í að árið 2016 verði fyrsta árið í sögu Hafnarfjarðarkaupstaðar, a.m.k. frá árinu 2002, þar sem sveitarfélagið tekur engin lán. Það er sérstaklega ánægjulegt í ljósi þess að á árinu var tekinn í notkun nýr leikskóli.

Á þessum grunni hefur fjárhagsáætlunarvinna vegna ársins 2017 og þriggja ára áætlun fyrir árin þar á eftir verið byggð. Rekstur ársins 2016 og fjárhagsáætlun 2017 endurspeglar vel þau markmið sem bæjarstjórn setti sér með þeirri umbótavinnu sem fram fór á sl. ári varðandi reksturinn og nefnd eru hér að framan.

Fjárhagsáætlun ársins 2017 gerir ráð fyrir að útsvar verði lækkað úr 14,52%, sem er hámarksútsvarsprósenta, í 14,48% og er það í fyrsta skipti frá a.m.k. árinu 1998 sem Hafnarfjarðarkaupstaður er ekki með útsvarið í hámarki, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hámarksútsvarsprósenta	12,04%	12,04%	12,04%	12,70%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,28%	13,28%	14,48%	14,48%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%
Útsvarsprósenta sveitarfélagsins																			
Hafnarfjarðarkaupstaður	12,04%	12,04%	12,04%	12,70%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,03%	13,28%	13,28%	14,48%	14,48%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%
Mismunur	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, vefur

Jafnframt er gert ráð fyrir að álagningaprósenta fasteignaskatts og holræsa- og vatnsgjalds lækki á milli ára á íbúðarhúsnæði þannig að álagning í krónum talið standi nánast í stað eða lækki lítilliga þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Fjórða árið í röð verða dvalargjöld á leikskólum þau sömu. Hér er um að ræða aðgerðir sem miða að því að draga úr álögum á íbúa þrátt fyrir almennar verðlagshækkanir. Þá er gert ráð fyrir auknum útgjöldum umfram almennar verðlagshækkanir í fjárhagsáætluninni, samtals að fjárhæð um 390 milljónum kr. Um er að ræða m.a. aukin framlög til leik- og grunnskóla, fjölskylduþjónustu, menningarmála og umhverfisþjónustu sem skýrð verða frekar síðar í þessari greinargerð.

Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2017 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 554,4 milljónir kr. og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 45,3 milljónir kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 49,5 milljarðar kr. í árslok 2017, skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,6 milljarðar kr. og eigið fé um 8,9 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A-hluta er um 2,4 milljarðar kr. og samantekið fyrir A- og B hluta 3,4 milljarðar kr., sem er um 14,3% af heildartekjum.
- Áætluð sala lóða í Skarðshlíð fyrir 1.000 milljónir kr. og sala iðnaðarlóða fyrir 200 milljónir kr.
- Áætlaðar fjárfestingar samtals að fjárhæð 3.435,5 milljónir kr. Um er að ræða ýmsar nýframkvæmdir, samtals að fjárhæð 1.435,5 milljónir kr., sem verða fjármagnaðar með veltufé frá rekstri. Framkvæmdir við nýjan grunnskóla í Skarðshlíð að fjárhæð 1.000 milljónir kr. verða fjármagnaðar með sölu lóða í Skarðshlíð og framkvæmdir við hjúkrunarheimili á Sólvangsreit að fjárhæð 1.000 milljónir kr. verða fjármagnaðar með lántöku. Um er að ræða framkvæmd fyrir ríkissjóð sem mun greiða fyrir afnot af hjúkrunarheimilinu með leigugreiðslum.
- Almennt er gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2017 í samræmi við áætlaða vísitölhækkun eða 3,9%. Þó mun dvalargjald í leikskóla haldast óbreytt sbr. hér að framan.

Skuldahlutfall Hafnarfjarðarbæjar verður samkvæmt áætlun 170% í lok árs 2017 en var 194% í árslok 2015. Útkomuspá gerir ráð fyrir að skuldaviðmið verði 150,9% í árslok 2016. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 verður

skuldaviðmið 142% í lok þess árs. Gera verður fyrirvara um að ekki liggur fyrir hvernig farið verður með reiknaðar en ógjaldfærðar og ógreiddar lífeyrisskuldbindingar sem gætu haft áhrif til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum sveitarfélagsins og þar með skuldum. Gerist það mun það hafa áhrif til hækkunar á skuldahlutfalli og skuldaviðmiði. Skuldaviðmiðið var 170% í árslok 2015. Gangi áætlun eftir er ljóst að skuldaviðmiðið mun fara niður fyrir 150% hlutfallið á árinu 2017.

Söluandvirði iðnaðarlóða á Völlunum verður að stærstum hluta nýtt til að greiða niður skuldir.


Þann 1. október 2016 voru bæjarbúar 28.634. Bæjarbúum hefur fjölgað jafnt og þétt og í áætlun ársins 2017 er reiknað með að íbúum fjölgi um 2,1%. Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 23,3 milljarða kr., áætlaðan launakostnað um 11,7 milljarða kr. og áætlaðan fjármagnskostnað um 1,9 milljarð kr. eða sem nemur 8,1% af heildartekjum sveitarfélagsins.

Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.800 og því er Hafnarfjarðarkaupstaður eitt af stærstu fyrirtækjum landsins, ef líkja má sveitarfélagi við fyrirtæki. Það er ánægjuleg þróun að starfsmenn bæjarins hafa í ár og á síðasta ári fengið verulegar kjarabætur. Mikilvægt er að sátt náist sem fyrst í kjaramálum kennara þannig að báðir aðilar gangi sáttir frá borði. Lífeyrisskuldbindingar sem breytast í samræmi við launahækkanir eru orðnar verulega þungar í rekstri bæjarins. Lífeyrisskuldbindingar í árslok 2017 eru áætlaðar 11,6 milljarðar kr. til samanburðar við að heildarlaun ársins eru áætluð 11,7 milljarðar kr.

Gera verður þann fyrirvara varðandi fjárhagsáætlunina að samkomulag um lausn á neikvæðri stöðu lífeyrissjóða, LSR og Brú með aðkomu ríkisins er í uppnámi og óljóst hver niðurstaðan verður. Takist ekki að semja um þessi mál fyrir áramót hækka móttframlög lífeyrissjóðsiðgjalda í sjóðina um 3,6–4,8% á næsta ári. Mun það þýða um 280 milljónir kr. í aukningu launatengdra gjalda á árinu 2017. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa við gerð fjárhagsáætlunar. Komi til þessa þarf væntanlega að taka áætlunina til endurskoðunar fyrir síðari umræðu.

Ég vil þakka starfsfólki bæjarins sem hefur komið að áætlunargerðinni fyrir þá góðu vinnu sem lögð hefur verið í hana. Verði áfram rétt haldið á málum eru bjartir tímar framundan í Hafnarfirði. Jafnframt vil ég þakka öllu starfsfólki sveitarfélagsins fyrir faglegt framlag sem er að skila þeim árangri sem náðst hefur í rekstri bæjarins. Með virkri þátttöku allra er umbreyting sem þessi gerleg og það ber að þakka sérstaklega. Við uppskerum eins og við sáum og ber áætlunin þess vel merki að starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar á fjölbreyttum starfssviðum hafa lagt sitt af mörkum hingað til og munu án efa gera það áfram.

Hafnarfirði, 7. desember 2016



Haraldur L. Haraldsson,
bæjarstjóri

Forsendur áætlunar 2017–2020

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2017 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2018–2020 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. A-hluti samanstendur af aðalsjóði og eignasjóði. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru: Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2016* í þessari greinargerð er átt við upprunalega áætlun fyrir árið 2016 með viðaukum.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar og fasteignaskatt. Aðrar tekjur með skattaígildi eru lóðaleiga.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2017 lækkar í 14,48% úr 14,52% árið 2016. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 16,7 milljörðum kr. en af þeirri fjárhæð munu rúmlega 2,0 milljarðar kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða 1,76% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar tæplega 14,7 milljarðar kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2016 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgunar íbúa. Gert er ráð fyrir 6,3% hækkun launavísitölu, óbreyttri atvinnuþátttöku frá árinu 2016 og fjölgun íbúa um 2,1%. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir um 7% hækkun útsvars milli 2016 og 2017.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafraeðslu og þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæð framlaga er áætluð alls rúmlega 1,9 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi frá 2016 að viðbættum verðbótum. Áætlun jöfnunarsjóðs vegna ársins 2017 liggur hins vegar ekki fyrir og því óvissa um hver framlögin verða árið 2017.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2017 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2016. Endurmat ársins, matsbreytingar og nýjar eignir leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar breytist á milli ára, samanber eftirfarandi töflu.

Fasteignamat	Fasteignamat 2017	Fasteignamat 2016	Hækkun %	Fasteignamat 2015
Íbúðareignir	364.136.422	325.747.052	11,8%	301.559.074
Atvinnueignir	93.730.812	89.632.915	4,6%	89.113.441
Stofnanir og samkomustaðir	23.799.010	22.599.300	5,3%	21.699.215
Samtals	481.666.244	437.979.267	10,0%	414.599.838

Álagningarstofn íbúðarhúsnæðis hækkaði um 11,8% á milli ára en hækkun á fasteignamati nam 9,4%. Hækkun umfram breytingu á fasteignamati liggur í nýjum íbúðum (nýjum matseiningum). Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis lækkar úr 0,34% í 0,31%, vatnsgjald lækkar úr 0,075% í 0,07% og holræsagjald úr 0,165% í 0,155%. Heildarálögur á fasteignir standa því nánast í stað eða hafa lækkað lítillega milli ára þrátt fyrir umtalsverða hækkun fasteignamats. Heildartekjur bæjarins vegna fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði hækka þó um 3% þar sem grunnurinn lækkar vegna nýrra eigna.

Álagningarhlutföll íbúðarhúsnæðis eru þessi:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2017	Álagning 2016
Fasteignaskattar	0,31%	0,34%
Lóðarleiga	0,40%	0,40%
Holræsagjald	0,155%	0,165%
Vatnsgjald	0,070%	0,075%
Samtals	0,935%	0,98%

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega:

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Tekjuviðmið hækka um um 7,2% frá árinu 2016 eða launavísitölu undirliggjandi tekjuárs í útreikningi. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2017 er stuðst við skattaframtal ársins 2015 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í ágúst 2017 eftir að skattaframtal ársins 2016 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna til og með ágúst. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Neðangreindar töflur sýna tekjuviðmið einstaklinga annars vegar og hjóna og fólks í skráðri sambúð hins vegar:

2016		2017		Afsláttur
Einstaklingar		Einstaklingar		%
0	2.995.000	0	3.211.000	100%
2.995.001	3.212.000	3.211.001	3.443.000	75%
3.212.001	3.485.000	3.443.001	3.736.000	50%
3.485.001	3.702.000	3.736.001	3.969.000	25%

2016		2017		Afsláttur
Hjón/fólk í skráðri sambúð		Hjón/fólk í skráðri sambúð		%
0	4.182.000	0	4.483.000	100%
4.182.001	4.388.000	4.483.001	4.704.000	75%
4.388.001	4.769.000	4.704.001	5.112.000	50%
4.769.001	5.096.000	5.112.001	5.463.000	25%

Í neðangreindri töflu má sjá þróun síðustu ára og áætlaðan heildarafslátt árið 2017:

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	Þús. kr.
2017 - áætlun	50.655
2016	49.056
2015	33.136
2014	33.436
2013	36.802
2012	32.446
2011	31.657

Álagningarstofn atvinnueigna hækkaði um 4,6% á milli ára en hækkun á fasteignamati nam 3,3%. Hækkun umfram breytingu á fasteignamati liggur í nýju húsnæði (nýjum matseiningum). Fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði eru óbreytt á milli ára eða 1,65% og hækka því álögur um 3,3%, sem er undir þjóðhagsspa um hækkun á vísitölu neysluverðs.

Álagningarhlutföll atvinnuhúsnæðis eru óbreytt frá fyrra ári og eru þessi:

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2017	Álagning 2016
Fasteignaskattar	1,65%	1,65%
Lóðarleiga	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,195%	0,195%
Vatnsgjald	0,112%	0,112%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2017 í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu 2017, samkvæmt þjóðhagsspa sem birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, eða 3,9%. Þó verða dvalargjöld í leikskólum ekki hækkuð og hafa gjöldin því verið þau sömu fjögur ár í röð. Sorphirðugjald hækkar um 3.373 kr. frá 2016 eða úr 30.627 kr. í 34.000 kr. og er það gert til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en kjarasamningar kennara eru lausir og er því áætlað fyrir breytingum á þeim. Jafnframt er tekið tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemenda í leik- og grunnskólum.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari. Í október 2016 voru samþykktar nýjar reglur um fjarvistir og starfsendurhæfingu vegna veikinda eða slysa starfsfólks. Með markvissri viðverustjórnun er markmiðið m.a. að auðvelda starfsfólki endurkomu til starfa eftir veikindi, veita því stuðning og umhyggju og um leið lækka kostnað vegna fjarvista.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 969 milljónir kr. á árinu 2017. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2017 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 345 milljónum kr. Byrjað var að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindingu Byrs vegna fyrrum starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar á árinu 2016 og eru um 52 milljónir kr. af áætluðum heildargreiðslum 2017 vegna Byrs. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga Byrs eru gerðar með fyrirvara um niðurstöðu dómstóla en Hafnarfjarðarbær mótmælir því að bænum beri að greiða þessa skuldbindingu. Lífeyrisskuldbinding bæjarins mun verða um 11,6 milljarðar kr. í árslok 2017. Til samanburðar eru heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins á árinu 2017 áætlaðar um 11,7 milljarðar kr. Af lífeyrisskuldbindingu eru um 2,2 milljarðar kr. vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrum starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byrs og um 217 milljónir kr. vegna Hafnarsjóðs.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Stuðst er við þjóðhagsspá og samkvæmt henni er áætluð hækkun vísitölu neysluverðs 3,9% árið 2017, 3,5% árið 2018, 2,8% árið 2019 og 2,6% árið 2020. Einnig hafa útgjöld verið aukin samtals um rúmlega 390 milljónir kr. þar sem viðbóta var þörf og er fjallað um viðbæturnar undir viðkomandi málaflokkum.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2016 og tekið er tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við 3,9%. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga en meðalvextir eru um 4%. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætlun en óverulegur hluti lána er gengistryggður eða um 1,2 milljarður kr.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Áætlun Jöfnunarsjóðs liggur ekki fyrir en fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar gerir ráð fyrir hækkun í takt við þjóðhagsspá. Kjarasamningar grunnskólakennara og tónmenntakennara í stéttarfélagi FT eru lausir en reynt er að áætla vænta hækkun á þeim. Samkomulag varðandi lausn á neikvæðri stöðu lífeyrissjóða LSR og Brú með aðkomu ríkisins er í uppnámi og óljóst hver niðurstaðan verður. Ef til þess kemur að mótframlög hækki um 3,6–4,8% mun það þýða um 280 milljónir kr. í aukningu launatengdra gjalda á árinu 2017. Ekki hefur verið tekið tillit til þessa við gerð fjárhagsáætlunar.

Þriggja ára áætlun 2018–2020

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem notuð var til grundvallar frumvarpi til fjárlaga. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 5,2–7,2% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 2,6–3,5% á ári vegna verðbreytinga. Rekstrarkostnaður eykst í takti við verðlagsþróun en einnig er áætlað fyrir kostnaði við rekstur nýs grunnskóla í Skarðshlíð. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga en einnig er gert ráð fyrir töluverðum niðurgreiðslum umfram gjaldfallnar afborganir.

Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A- og B-hluti

- Áætlað er að heildartekjur fyrir A- og B-hluta á árinu 2017 verði um 23,8 milljarðar kr. og að áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði verði um 21,3 milljarðar kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,5 milljarðar kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir rúmlega 1,9 milljarðar kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2017 er jákvæð um 554 milljónir kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 49,5 milljarðar kr. í árslok 2017. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,6 milljarðar kr. og eigið fé um 8,9 milljarðar kr.
- Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir.
- Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 3,4 milljarðar kr., sem er um 14,3% af heildartekjum.

A- og B-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Rekstrarreikningur				
Tekjur	23.825	22.402	20.673	19.450
Gjöld	(21.336)	(19.906)	(19.689)	(17.816)
Fjármagnsliðir	(1.935)	(2.135)	(1.495)	(1.226)
Óvenjulegir liðir	0	0	0	(333)
Rekstrarniðurstaða	554	361	(512)	76
Efnahagsreikningur				
Eignir	49.460	47.937	48.480	48.198
Eigið fé	8.880	7.616	8.296	8.432
Skuldir og skuldbindingar	40.580	40.321	40.184	39.766
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	3.406	3.278	953	1.593

Heildarfjöldi stöðugilda hjá Hafnarfjarðarkaupstað:

Hafnarfjarðarkaupstaður	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfs- manna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfs- manna 2016
Fjölskylduþjónusta	164,05	262	167,1	270
Fræðslu- og frístundaþjónusta	1.129	1.380	1.110	1.365
Fjármálasvið	23,75	24	13,75	14
Stjórnsýslusvið/menningarmál	40,1	51	49,1	60
Umhverfis- og skipulagsþjónusta	49,5	50	49,5	50
Hafnarfjarðarhöfn	11	11	12	12
	1.417,4	1.778	1.401,45	1.771

2.2 A-hluti

- Í áætlun 2017 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A-hluta sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um tæplega 1,6 milljarða kr.
- Áætlaðar rekstrartekjur A-hluta eru um 22,1 milljarðar kr. og áætluð rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði eru rúmir 20,5 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,5 milljarðar kr. Áætluð rekstrarniðurstaða A-hluta verður því jákvæð um 45 milljónir kr.
- Heildareignir A-hluta í árslok 2016 eru áætlaðar um 39,2 milljarðar kr., skuldir um 35,7 milljarðar kr. og eigið fé um 3,6 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri, A-hluta, er um 2,4 milljarðar kr. eða um 10,9 % af heildartekjum.

A-hluti – m. kr.				
	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Rekstrarreikningur				
Tekjur	22.082	20.716	18.854	17.789
Gjöld	(20.516)	(19.065)	(18.796)	(17.009)
Fjármagnsliðir	(1.521)	(1.636)	(1.119)	(939)
Óvenjulegir liðir	0	0	0	(333)
Rekstrarniðurstaða	45	15	(1.062)	(492)
Efnahagsreikningur				
Eignir	39.248	37.819	38.256	37.847
Eigið fé	3.562	2.876	3.845	4.530
Skuldir	35.686	34.943	34.411	33.316
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.398	2.388	154	780

2.3 Aðalsjóður


Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs verði jákvæð um 571 milljónir kr.

Aðalsjóður – millj. Kr.				
	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Rekstrarreikningur				
Tekjur	22.733	21.381	19.649	18.435
Gjöld	(22.248)	(20.715)	(20.410)	(18.078)
Fjármagnsliðir	86	101	206	(483)
Rekstrarniðurstaða	571	767	(555)	(126)

Helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára má sjá í eftirfarandi töflu:

Rekstur málaflokka aðalsjóðs					
Fjárhæðir í m. kr.	Áætlun 2017	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2016	Mismunur	Ársreikningur 2015
Skatttekjur	20.353		18.617	1.736	16.849
Fjölskylduþjónusta	(3.134)	15,4%	(2.906)	(227)	(2.930)
Heilbrigðismál	0	0,0%	0	0	(64)
Fræðslu- og uppeldismál	(11.068)	54,4%	(10.003)	(1.095)	(9.814)
Menningarmál	(407)	2,0%	(369)	(35)	(376)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.961)	9,6%	(1.785)	(153)	(1.730)
Brunamál og almannavarnir	(218)	1,1%	(201)	(17)	(202)
Hreinlætismál	(17)	0,1%	(8)	(9)	(15)
Skipulags- og byggingarmál	(81)	0,4%	(51)	49	8
Umferðar- og samgöngumál	(846)	4,2%	(781)	(65)	(765)
Umhverfismál	(137)	0,7%	(130)	(7)	(79)
Atvinnumál	(21)	0,1%	(24)	4	(17)
Sameiginlegur kostnaður	(1.978)	9,7%	(1.782)	(196)	(1.871)

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



2.4 Fjölskylduþjónusta

Helstu breytingar hjá fjölskylduþjónustu milli árunna 2016 og 2017 eru að lögð verður aukin áhersla á fagmenntun í þjónustunni, horft verður til velferðartækni og nýsköpunar og þjónustan verður löguð að þörfum samfélagsins hverju sinni. Í ljósi þess að atvinnuleysi hefur minnkað mikið síðustu ár var í samráði við Vinnumálastofnun afráðið að endurnýja ekki samning milli VMST og Hafnarfjarðarkaupstaðar um rekstur Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar. Auknu fjármagni verður varið til að koma til móts við fatlað fólk á vinnumarkaði.

Aukin áhersla er á aðkomu hagsmunaaðila og er gert ráð fyrir fjármagni til öldungaráðs, ráðgjafaráðs fatlaðs fólks og fjölmeningaráðs að upphæð 500 þús. kr. á hvert ráð.

Á árinu 2017 verður með virkum hætti könnuð þörf fyrir nýja starfsstöð fyrir eldri borgara og eflingu félagsstarfs aldraðra í samvinnu við hagsmunaaðila. Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa árið 2017.

Fjárheimildir fjölskylduþjónustu hækka úr 2.904 milljónum kr. í 3.134 milljónir kr. eða um 230 milljónir kr. milli ára, þ.e. um 8%, og eru þær nú 15,4% af heildaráætlun sveitarfélagsins. Aðalástæðan fyrir þessari aukningu eru almennar kjarasamningshækkningar, viðbótarstöðugildi í barnavernd, áhersla á ráðningu faglærðs starfsfólks á heimilum og starfstöðvum fatlaðs fólks og hækkun á öðrum rekstrarkostnaði sem skýrt er frá hér að neðan.

02020 Skrifstofa fjölskylduþjónustu

Launakostnaður á skrifstofu fjölskylduþjónustu hækkar um 11% milli áætlana 2016 og 2017. Almennar kjarasamningshækkningar skýra þessa hækkun auk þess sem aukning verður um eitt stöðugildi í barnavernd. Sú viðbót kemur til af auknu álagi í málaflokknum. Einnig er gert ráð fyrir viðbót að fjárhæð 1,5 milljónum kr. vegna kaupa á skrifstofubúnaði.

02101 Fjárhagsaðstoð

Almenn fjárhagsaðstoð hækkar um 7,8 milljónir kr. á milli áætlana 2016 og 2017 eða um 3,9%. Fjárhagsaðstoð er áætluð 207,6 milljónir kr. í áætlun 2017. Almenn fjárhagsaðstoð er hækkuð til samræmis við hækkun á viðmiðunarkvarða fjárhagsaðstoðar sem hækkar reglum samkvæmt í samræmi við hækkun neysluvísitölu. Gert er ráð fyrir að fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins hafi náð nokkru jafnvægi. Fjárhagsaðstoðin hefur farið stöðugt lækkandi síðastliðin tvö ár. Áfram-verkefnið hefur verið fest í sessi og verður engin breyting þar á. Umfang Áfram-starfa verður þó minna í ljósi betra þjóðfélagsástands.

Unnið er að samningi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykjavíkurborgar um aðkomu að gistiheimilum borgarinnar fyrir heimilisláusa. Áætlaðar eru 2 milljónir kr. vegna þess.

02103 Húsnæðisbætur

Um áramótin öðlast gildi ný lög um húsnæðisbætur sem fela m.a. í sér að almennur húsnæðisstuðningur verður alfarið hjá ríki en sérstakur húsnæðisstuðningur hjá sveitarfélögum. Breyting á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga skapar fjárhagslegt svigrúm í þágu húsnæðisverkefna. Í fjárhagsáætlun 2017 er gengið út frá sama fjármagni í sérstakan húsnæðisstuðning og Hafnarfjarðarkaupstaður greiddi samtals (nettó) í húsaleigubætur 2016 eða 186,7 milljónir kr. Unnið er að útfærslu vegna þess svigrúms sem skapast við þessar breytingar en það er um 48 milljónir kr. umfram það sem bærinn greiddi í sérstakar húsaleigubætur 2016.

02403 Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja

Farið var í tilraunaverkefni í heimaþjónustu á árinu 2016 þar sem fyrirtæki tók að sér heimaþjónustu á heimilum sem eingöngu höfðu þörf fyrir þrif. Tilraunaverkefnið tókst vel og er áætlað að fjölga heimilum sem njóta þessarar þjónustu á árinu 2017. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 12,7 milljónir kr. Launakostnaður í heimaþjónustu lækkar á móti. Gert er ráð fyrir útboði á þjónustunni. Fjölgun aldraðra kallar á aukið fjármagn í þjónustuna sem er m.a. mætt með skilvirkari verkferlum og auknu framlagi.

Farið verður af stað með tilraunaverkefni 2017, svokallað „Curron“, en um er að ræða smáforrit sem notað verður í skipulagningu og útfærslu þjónustunnar. Kostnaður er 850 þúsund kr. Hér er um skref í átt til aukinnar notkunar velferðartækni í þjónustunni.

02501 Liðveisla fatlaðs fólks

Launakostnaður vegna liðveislu fatlaðs fólks hækkar um 12,6 milljónir kr. árið 2017 kr., sem stafar af aukinni þörf fyrir þessa þjónustu. Heildarlaunakostnaður verður því samtals 40,5 milljónir kr. Kostnaður jókst vegna þjónustunnar á árinu 2016 og er fyrir séð að svo verði áfram.

Tilraunaverkefni í atvinnumálum fatlaðs fólks, Geitungar, var sett á laggirnar haustið 2015 í samvinnu við velferðarráðuneytið. Verkefnið hefur gengið vel og í ljósi þess að mikil þörf er á atvinnutækifærum fyrir fatlað fólk er gert ráð fyrir 15 milljónum kr. í viðbótarfjármagn árið 2017 til að koma til móts við þessa þörf en velferðarráðuneytið styrkir ekki verkefnið á árinu 2017.

02502 Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

Óbreytt framlag er í ferðaþjónustu fatlaðs fólks en áfram verður unnið að hagræðingu í þjónustunni á árinu 2017. Strætó bs. tók yfir sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs 2015. Kostnaður vegna þjónustunnar árið 2014 á verðlagi þess árs var 82,4 milljónir kr. en samkvæmt áætlun verður kostnaðurinn 195,8 milljónir kr. árið 2017.

02503 Málefni fatlaðs fólks

Biðlisti hefur myndast eftir frekari liðveislu. Áhersla er á að styðja fólk til sjálfstæðrar búsetu og er þ.a.l. gert ráð fyrir tveimur stöðugildum til viðbótar í þessa þjónustu þannig að hægt verði að koma til móts við einstaklinga á biðlista. Í áætlun fyrir 2017 er gert ráð fyrir 11,2 milljónum kr. viðbótarfjármagni í frekari liðveislu.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er skýr áhersla á að efla menntunarstig starfsfólks á heimilum og starfsstöðvum fatlaðs fólks. Það verði leiðarljós við ráðningar að faglært starfsfólk verði ráðið í þær stöður sem losna sé þess nokkur kostur. Markið verður sett á að a.m.k. 40% starfsfólks sé með fagmenntun og að þessu markmiði verði náð innan þriggja ára. Í fjárhagsáætlun 2017 eru 20 milljónir kr. vegna þessa og er þá gert ráð fyrir að hægt sé að ráða í 60% af fyrirbyggjandi þörf.

Í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir því að Hafnarfjarðarkaupstaður haldi áfram með NPA-samninga en ekki sér enn fyrir endann á því hvort verkefnið verður sett í lög eins og fyrirhugað var. Heildarhækkun vegna NPA-samninga og beingreiðslusamninga eru 60 milljónir kr. Þessi hækkun stafar af nýjum samningi sem gerður var á miðju ári 2016. Auk þess eru hækkunar vegna aukinnar þjónustuþyngdar og verðlagshækkana.

Búsetukjarnar/heimili fatlaðs fólks

Launaliðir á heimilum fatlaðs fólks hækka á milli áætlana 2016 og 2017 um 50,8 milljónir kr. eða 5,3%. Stafar það af almennum kjarasamningshækkunum og nauðsynlegum breytingum á vöktum vegna aukinnar þjónustuþyngdar íbúa. Auk þess er aukning um samtals 0,75% stöðugildi á heimilum fatlaðs fólks. Þá er gert ráð fyrir auknu viðhaldi í hæfingarstöðinni í Bæjarhrauni og skammtímavistuninni Hnotubergi; 500 þúsund kr. á hvorn stað.

Samkomulag náðist árið 2016 varðandi leigugreiðslur til BRYNJU hússjóðs að því leyti að greiðslur koma frá Jöfnunarsjóði til niðurgreiðslu leigu í húseignum BRYNJU til samræmis við markaðsleigu í sveitarfélaginu að upphæð 20 milljónir kr. verðtryggðar ár hvert.

Flóttafólk og hælisleitendur

Samningar við velferðarráðuneyti og Útlendingastofnun standa undir kostnaði vegna þjónustu við flóttamenn og hælisleitendur. Samningur við Útlendingastofnun rennur út um áramótin 2016/2017 og er unnið að endurnýjun og stækkun hans.

02583 Lækur

Samningur milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hafnarfjarðardeildar Rauða kross Íslands hækkar úr 9,5 milljónum kr. í 10 milljónir kr.

020805 Ýmis aðrir styrkir og framlög

Í ljósi þess að áætlanir eru um stofnun fjölmeningarráðs og að nýverið var samþykkt á Alþingi framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er fjármagn að upphæð 2,5 milljónir kr. í fjárhagsáætlun 2017 til að mæta þeim kostnaði sem til fellur vegna fjölmeningarmála.


Fjölskyldubjónusta – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	217	584	508
Samtals tekjur	217	584	508
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.607	1.474	1.440
Annar rekstrarkostnaður	1.744	2.016	1.998
Samtals gjöld	3.349	3.490	3.438
Rekstrarniðurstaða	(3.134)	(2.906)	(2.930)

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir sviðið:

Fjölskyldubjónusta	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Skrifstofa félagsþjónustu	21,9	23	20,5	22
Áfram	3	5	6	8
Barnaverndarmál	-	15	-	15
Tómstundast. aldraðra	2,2	4	2,2	4
Heimaþjónusta	18,7	23	19,9	24
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	5	3,5	5
Liðveisla fatlaðra	-	55	-	50
Málefni fatlaðra	3,25	4	2,5	3
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	8	17	8	17
Straumhvörf	9	17	9	15
Berjahlíð	9,3	14	9,3	16
Blikaás	10,6	18	10,5	19
Einiberg	7,5	13	7,5	14
Erluás	6,8	11	6,8	12
Smárahvammur	7,4	12	7,4	14
Steinahlíð	7	12	7	12
Svöluás	8,3	13	8,3	13
Svöluhraun	7,5	14	7,5	14
Hnotuberg	8,5	16	8,5	15
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,5	13
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	8,7	11	8,7	12
Lækur	1,5	2	1,5	2
Atvinnumiðstöð	0	0	1	1
Samtals	164,05	262	167,1	270

Stöðugildum fækkar um 3,05 milli ára 2016 og 2017, sem helgast af breytingum hjá Atvinnumiðstöð, störfum tengdum Áfram og heimaþjónustu en þar mun hluti þjónustunnar verða útvistaður. Hins vegar er fjölgun um eitt stöðugildi vegna barnaverndarmála og um 0,75% stöðugildi á heimilum fatlaðs fólks.

Skipting fjármagns hjá fjölskylduþjónustu í fjárhagsáætlun 2017:



- Sameiginlegir liðir
- Félagshjálp
- Þjónusta við börn og unglinga
- Þjónusta við aldraða
- Þjónusta við fatlað fólk
- Ýmis félagsþjónusta

2.5 Fræðslu- og frístundapjónusta

Undir fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar heyra málefni dagforeldra, leikskóla, grunnskóla, íþróttta og tómstunda, tónlistarskóla og námsflokka í Hafnarfirði. Yfirstjórn málefna fræðslu- og frístundapjónustunnar fer fram í gegnum sviðsskrifstofu hennar.

Fjárheimild sviðsins hækkar í heild sinni úr 11,8 milljörðum kr. í 13 milljarða kr. eða um 1,2 milljarða kr., sem samsvara 10,3% hækkun á milli ára og eru 64% af skatttekjum sveitarfélagsins.

Helstu breytingar eru þessar:

- Framlag í þróunarsjóð aukið úr 50 milljónum kr. í 150 milljónir kr.
- Aukið fjármagn í að vinna á greiningabiðlistum í grunnskólum, 6 milljónir kr.
- Aukið fjármagn í túlkapjónustu, 2,5 milljónir kr. í leik- og grunnskólum
- Aukið fjármagn til nemenda með íslensku sem annað mál, 4 milljónir kr. í leik- og grunnskólum
- Dvalargjöld í leikskóla haldast óbreytt fjórða árið í röð
- Undirbúningstími fagfólks í leikskóla aukinn, 21,6 milljónir kr.
- Fjölgun leikskólanema í Bjarkalundi
- Innritunardur lækkar í leikskólum um tvo mánuði á árinu
- Framlag til barna hjá dagforeldrum hækkar um 25% , 20 milljónir kr.
- Aukið framlag til list- og verkgreina, 7 milljónir kr.
- Aukið framlag til bókakaupa á skólabókasöfnum vegna læsisverkefnis, 4,5 milljónir kr. í leik- og grunnskólum
- Aukið fjármagn til búnaðarkaupa á sviðinu, 15 milljónir kr.
- Nýtt forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum, 1 milljón kr.

04 – Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimild vegna fræðslu- og uppeldismála hækkar um 1,1 milljón kr. á árinu eða um 11%. Þar veða hæst hækkunar á kjarasamningum starfsmanna. Launakostnaður hækkar um 740 milljónir kr. eða um 11% á milli ára. Óvissa er vegna kjarasamninga grunnskólakennara og kennara í FÍH. Sá þáttur mun hafa áhrif á áætlunir sviðsins á fjárhagsárinu. Áætlunin gerir ráð fyrir þessum óvissuþætti.

Sameiginlegur kostnaður

Áfram verður lögð áhersla á bættan námsárangur í leik- og grunnskólum með áherslu á læsi, stærðfræði og spjaldtölvuvæðingu á unglingsstigi í öllum skólum bæjarins. Auk þess verður haldið áfram með eflingu þekkingar í upplýsingatækni í skólastarfi. Til þessara verkefna verður varið 150 milljónum kr. á árinu sem settar eru í þróunarsjóð sviðsins.

Á árinu 2015 voru keyptar spjaldtölvur fyrir alla nemendur og kennara í 5. til 10. bekk í Áslandsskóla. Var þetta liður í að leysa húsnæðisvanda skólans þar sem tölvustofa var m.a. tekin undir almenna kennslu. Haustið 2016 voru keyptar spjaldtölvur fyrir nemendur og kennara í 8., 9., og 10. bekk í Hraunvallaskóla. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir að keyptar verði spjaldtölvur fyrir alla nemendur og kennara í 8., 9. og 10. bekk í öðrum grunnskólum Hafnarfjarðarkaupstaðar. Síðan er stefnt að því að í byrjun árs 2018 verði allir nemendur í 5., 6. og 7. bekk til viðbótar komnir með spjaldtölvur ásamt kennurum þessara árganga. Þannig er gert ráð fyrir að í byrjun þess árs verði allir nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðarkaupstaðar í 5. til og með 10. bekk komnir með spjaldtölvur

Sérfræðingar á skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu vinna að því að efla verkferla og vinnubrögð er lúta að snemmtækri íhlutun, móttöku nemenda með íslensku sem annað mál og úrvinnslu biðlista í greiningar. Einnig er mikil aukning í þjónustu við flóttamenn og hælisleitendur búsetta í sveitarfélaginu.

Viðbótarframlag vegna nemenda með íslensku sem annað mál er 4 milljónir kr. og 6 milljóna kr. framlag fer í að vinna niður biðlista í greiningar og auka vægi snemmtæktrar íhlutunar.

Sérstaklega þarf að sinna búnaði og rekstrarviðhaldi stofnana sem tilheyra sviðinu. Viðbætur við þann lið eru 15 milljónir kr.

Leikskólar og dagvistunarmál

Dvalargjöld í leikskólum verða óbreytt en fæðisgjald hækkar um 3,9%. Er þetta fjórða árið í röð sem daggjöldin á leikskólum bæjarins hafa verið þau sömu, þ.e. árið 2014, 2015, 2016 og nú 2017.

Aukin áhersla er lögð á að styðja við fagmennsku og auka faghlutfall í leikskólum. Undirbúningstími fagfólks, leikskólakennara og deildarstjóra verður aukinn um eina klst. á viku. Kostnaður vegna þessa er áætlaður 21,6 milljónir kr.

Áfram verður stutt við starfsmenn leikskóla í réttindanámi til B.Ed.-prófs í leikskólakennarafræðum með afleysingu þegar starfsfólk sækir nám á vinnutíma. Námskostnaður í skólabró verður áfram greiddur fyrir þá sem vilja sækja sér menntun sem leikskólaliðar.

Leikskólanemum í Bjarkalundi fjölgar um 30 og verða 80 á árinu. Um leið verður innritunaráldur lækkaður og börn fædd í maí 2016 innrituð í leikskóla haustið 2017. Einnig verða börn fædd í apríl 2015 tekin inn í febrúar 2017. Með opnun fleiri deilda og því að leikskólarnir taka inn yngri nemendur verður rýmispörf í leikskólum endurskoðuð.

Fjármagn til túlkapjónustu eykst um 1,5 milljónir kr. á árinu vegna fjölgunar nemenda með annað tungumál en íslensku og einnig verður úthlutun til vörukaupa vegna læsisverkefnis aukin um 1,5 milljónir kr.

Framlag vegna niðurgreiðslu á daggjöldum til dagforeldra hækkar um 25%. Viðmiðsaldur sérstakrar greiðslu til barna á leikskólaaldri lækkar í 15 mánuði. Áætlað er að kostnaður aukist um 20 milljónir kr. og verði samtals 159,5 milljónir kr.

Vináttuverkefni Barnaheilla, forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Það heitir á frummálinu Fri for mobberi og er þýtt og staðfært fyrir íslenska leikskóla. Kostnaður við verkefnið er um 1 milljón kr.

Grunnskólar

Gert er ráð fyrir rekstri grunnskóla í Skarðshlíð frá og með hausti 2017, í bráðabirgðahúsnæði, og ráðningu skólastjóra frá vori 2017. Byggingaframkvæmdir hefjast á árinu. Gert er ráð fyrir akstri nemenda úr hverfinu í skólahúsnæðið og heim aftur. Jafnframt er gert ráð fyrir að í skólabíl verði skólaliði/starfsmaður.

Framlag til list- og verkgreina á árinu hækkar um 20% eða samtals 7 milljónir kr. Fjármagn til bókakaupa er aukið á árinu um 3 milljónir kr.

Verð á skólamáltíð í áskrift hækkar um 3,9%.

Heildarúthlutun kennslustunda jókst umfram nemendafjölgun á árinu 2016. Farið var í breytingar á úthlutunarlíkani á árinu 2016 og var tímaúthlutun til sérkennslu aukin á kostnað almennrar kennsluúthlutunar að hluta.

Önnur fræðslustarfsemi

Rekstur er óbreyttur að því undanskildu að gjaldskrá tónlistarskólans hækkar um 3,9% á nýju skólaári 2017.

Fræðslubjónusta – millj.kr	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Bjónustugjöld	907	895	918
Samtals tekjur	907	895	918
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	7.631	6.875	6.609
Annar rekstrarkostnaður	4.344	4.023	4.123
Samtals gjöld	11.975	10.898	10.732
Rekstrarniðurstaða	(11.068)	(10.003)	(9.814)

Stöðugildi sviðsins og stofnana sem heyra undir það eru sem hér segir:

Leikskólar	Fjöldi stöðu- gilda 2017	Fjöldi starfs- manna 2017	Fjöldi nem- enda 2017	Fjöldi dvalar- gilda 2017	Fjöldi stöðu- gilda 2016	Fjöldi starfs- manna 2016
111-Álfaberg	26,8	30	94	1.010	25,1	28
112-Norðurberg	31,5	34	107	1.203	29,9	33
113-Arnarberg	25,3	28	90	972	26,3	28
114-Brekkuhvammur	16,6	19	59	570	23,1	27
115-Víðivellir	39,7	46	126	1.257	45,1	51
116-Hvammur	33,1	35	128	1.231	33,9	37
118-Hlíðarberg	28,2	31	105	1.060	28,6	33
119-Vesturkot	24,9	26	84	919	25,8	28
121-Hlíðarendi	23,6	27	90	971	22,3	27
122-Hörðuvellir	20,6	22	84	809	21,3	24
123-Álfasteinn	24	26	86	850	23,9	27
124-Tjarnarás	26,1	32	90	856	26,3	30
125-Stekkjjarás	46,14	47	168	1.857	43,7	47
126-Hraunvallaskóli	27,1	28	101	1.070	39,7	37
129-Bjarkalundur	24,7	23	80			
Samtals:	418,3	454	1.492	14.635	415	457

Grunnskólar	Fjöldi kennslu-stunda 2017	Fjöldi stg. í kennslu og stjórnun	Fjöldi stg. annarra starfsm 2017	Fjöldi nem. 2017	Fjöldi kennslu-stunda 2016	Fjöldi stg. annarra starfs. 2016
Lækjarskóli	1.567	57,6	10,3	523	1.534	9,3
Öldutúnsskóli	1.226	50,2	10,5	518	1.214	9,4
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.557	63,9	15,3	720	1.509	13,9
Setbergsskóli	1.145	38,7	9,4	402	1.081	8,4
Áslandsskóli	1.204	47,5	12,2	524	1.235	7,5
Hvaleyrarskóli	942	40,5	9,5	404	986	8,6
Hraunvallaskóli	2.102	77,7	18,9	931	1.998	18,5
Barnaskóli Hjallastefnunnar				90	148 n	
Nú				30		
	9.743	376	86	4.142	9.557	76

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfs-manna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfs-manna 2016
Skólaskrifstofa	5,85	6	5,85	6
Sérfræðiþjónusta	12,7	13	12,7	14
Menntasetrið	2	2	2	2
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	34,8	48	35,5	50
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	1,9	4	2,4	4
	57,25	73	58,45	76

2.6 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimild hækkar um 142 milljónir kr. milli ára eða um 8%. Fjárheimilidin var 1,82 milljarðar kr. árið 2016 en er áætluð 1,96 milljarðar kr. árið 2017. Gjaldskrár hækka að jafnaði um 3,9%

Frístundastyrkir vegna þátttökugjalda í íþrótt- og tómstundastarf hækkuðu þann 1. nóvember 2016 úr 1.700 kr. í 3.000 kr., eða um 76% fyrir börn á aldrinum 6–12 ára. Frístundastyrkir vegna þátttökugjalda barna á aldrinum 13–16 ára fara úr 2.250 kr. í 3.000 kr., sem er hækkan um 33%. Aldursviðmið verður hækkað í 18 ár en var áður 16 ár. Heimilt verður að nýta þessa fjárhæð í fleiri en eina íþrótt. Áætlað er að útgjöld vegna þessara breytinga hækki á ársgrunni úr 66 milljónum kr. í 78 milljónir kr. eða um 18%.

Gert er ráð fyrir hækkan launaliða í Vinnuskóla. Grunnskólanemendur í 8.–10. bekk munu fá launahækkun í samræmi við launahækkanir. Heildarlaunin árið 2016 voru áætluð 172, milljónir kr. en nú 230,3 milljónir kr. Hluti af hækkan er vegna flutnings á vinnu garðyrkjuflokks til vinnuskólans um 41 milljón kr. Vinnutími nemenda í 9. bekk eykst úr 72 tímum í 92 og vinna 10. bekkinga eykst úr 72 klst. í 112 klst. yfir sumarið.

Áætlun gerir ráð fyrir óbreyttum rekstri íþróttahúsa og sundlauga.

Kostnaður við rekstur Hússins er 67 milljónir kr. og stór hluti af því er rekstur vegna Vinaskjóls sem er frístundaúrræði fyrir 16–20 ára fötluð ungmenni. Vinsældir þjónustunnar hafa aukist og þjónustuþegum hefur fjölgað og eru nú 16 ungmenni og þar af 11 úr öðrum sveitarfélögum. Þetta kallar á hækkan launaliða og fjölgun starfsmanna. Hluti af þjónustunni er þó fyrir fötluð ungmenni úr nágrannasveitarfélögum og því aukast tekjur Hússins að sama skapi og eru áætlaðar 42 milljónir kr. og þar af eru um 18 milljónir kr. innheimtar af öðrum sveitarfélögum. Á morgnana er rekið atvinnutengt úrræði fyrir fötluð ungmenni í samstarfi við fjölskylduþjónustuna.

Stefnt er að því að ljúka gerð allra samninga við íþróttafélögin fyrir áramót. Nýir samningar eru annars vegar þjónustusamningar sem styðja við starf ætlað börnum og unglingum, og þar ræður fjöldi iðkenda stuðningi, og hins vegar rekstrarsamningar. Einnig er gerður samningur við Golfklúbbinn Keili um viðhald grasvalla og loks er gert ráð fyrir 11 milljónum kr. í viðhald gervigrasvalla í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi tafla sýnir framlög til íþróttafélaganna eins og þau voru árið 2015, áður en nýir samningar voru gerðir, 2016 með nýjum samningum og loks árið 2017. Árið 2016 runnu 68,4 milljónir kr. í þjónustusamninga en sú upphæð mun hækka í 75,7 milljónir kr. árið 2017. Hafnarfjarðarkaupstaður greiðir íþróttafélögum fyrir að reka íþróttamannvirki samkvæmt rekstrarsamningum og er áætlað að framlag sveitarfélagsins verði um 280 milljónir kr.

	2017				
	2015	2016	Samtals 2017	Rekstur	Þjónusta
Fimleikafélag Hafnarfjarðar					
Íþróttamiðstöð Kaplakrika	86.952	96.990	100.542	100.542	
Knatthúsið Kaplakrika	27.512	9.550	9.922	9.922	
Þjónustusamningur	19.511	15.440	16.540		16.540
Kaplakrikavöllur – Sláttur og umhirða	5.504	4.900	4.900	4.900	
	139.479	126.880	130.804	115.364	16.540
Knattspyrnufélagið Haukar					
Íþróttamiðstöð Ásvöllum	70.721	85.700	90.331	90.331	
Þjónustusamningur	18.341	12.720	13.820		13.820
Íþróttasvæði Ásvöllum – Sláttur og umhirða	4.241	4.000	4.000	4.000	
	93.303	102.420	105.762	94.331	13.820
Fimleikafélagið Björk					
Íþróttamiðstöð Bjarkar	*	28.890	30.017	30.017	
Þjónustusamningur	2.550	10.000	11.100		11.100
	2.550	38.890	41.117	30.017	11.100
Íþróttafélag Hafnarfjarðar					

Önnur þjónustukaup	600	300	300	300	
Styrkir til íþróttamála		625	625		625
	600	925	925	300	625
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar					
Afreksstyrkir ÍBH	6.000	6.000	7.000		7.000
ÍBH – Skrifstofa	8.000	8.000	9.000		9.000
ÍBH – V/Íþróttahúsa, svæða	416	1.500	1.559	1.559	
	14.416	15.500	17.559	1.559	16.000
Önnur félög					
Golfklúbburinn Keilir	6.988	7.000	7.342	6.442	900
Hestamannafélagið Sörli	12.540	10.660	10.900	8.500	2.400
Siglingaklúbburinn Þytur	8.200	10.432	6.783	5.883	900
Skátafélagið Hraunbúar	7.762	8.617	8.276	8.276	
Íþróttafélagið Fjörður	1.000	1.200	1.300	400	900
Sundfélag Hafnarfjarðar	5.500	4.880	5.400		5.400
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400	
Dansíþróttafélag	400	2.160	2.400		2.400
Skákfélagið	200	200	200	200	
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	1.500	3.520	3.900		3.900
Golfklúbburinn Setbergi	0	820	820	820	
Kvartmíluklúbburinn	400	400	400	400	
Hnefaleikfélag	3.300	3.300	3.529	2.629	900
Bridgefélagið	400	400	400	400	
Aksturíþróttafélag Hafnarfjarðar	400	400	400	400	
Brettafélag Hafnarfjarðar	1.386	1.500	1.560	1.560	
Aukið framlag 2017			0		
	300.725	340.504	356.650	280.050	75.700

*Fimleikafélagið tók við rekstri íþróttahúss 2016

Æskulýðs og íþróttamál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	724	688	635
Samtals tekjur	724	688	635
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.049	935	837
Annar rekstrarkostnaður	1.613	1.538	1.396
Samtals gjöld	2.662	2.473	2.233
Rekstrarniðurstaða	(1.938)	(1.785)	(1.599)

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda stöðugilda og starfsmanna sem heyra undir æskulýðs- og íþróttamál:

Æskulýðs- og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	3	3
Samfélagshús	10,5	15	8	10
Frístundaheimilið Lækjarsel	7,9	17	7,9	18
Frístundaheimilið Selið	7,1	11	7,3	15
Frístundaheimilið Hraunkot	5	10	3,9	8
Frístundaheimilið Álfahraun	4,7	12	5,0	10
Frístundaheimilið Krakkaberg	8,3	15	8,3	17
Frístundaheimilið Tröllheimar	7,4	14	7,4	15
Frístundaheimilið Holtasel	3,2	6	4,5	9
Frístundaheimilið Hraunsel	10,6	23	12,4	24
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,45	3	1,6	3
Frístundaklúbburinn Kletturinn	2,8	5	1,4	3
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,2	8	2,2	8
Félagsmiðstöðin Aldan	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Hraunið	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Setrið	2,2	8	2,2	8
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Verið	2,2	7	2,2	7
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,2	7	2,2	7
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	87,3	185	75	173
Íþróttahús Strandgötu	4	4	4	4
Íþróttamiðstöðin Björk	-	-	3,2	4
Samtals íþróttahús	4	4	7,2	8
Suðurbæjarlaug	12,9	14	12,9	14
Sundhöll Hafnarfjarðar	5	5	5	5
Ásvallalaug	20,1	22	20,1	22
Samtals sundlaugar	38	41	38	41

2.7 Menningarmál

Framlag til leikhúsmála er 20 milljónir kr. skv. samningi við Gaflaraleikhúsið. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga en að auki er gert ráð fyrir 8 milljónum kr. til kaupa á búnaði fyrir bíóið. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar eru 5 milljónir kr. en að auki eru lagðar til 1,5 milljónir kr. vegna bæjarlistamanns.

Framlag vegna höggmyndagarðs hækkar úr 800 þús. kr. í 3 milljónir kr. Markmiðið er að fara í verulegt viðhald á útilistaverkum bæjarins.

Framlag vegna ýmissa hátíða, s.s. Bjartra daga, hækkar í 3 milljónir kr. úr 550 þúsund kr. og framlag til Jólaborpsins verður 12 milljónir kr. en áður voru 10 milljónir kr. ætlaðar til þess og fleiri viðburða.

Menningarmál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	20	21	31
Samtals tekjur	20	21	31
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	193	186	183
Annar rekstrarkostnaður	233	204	224
Samtals gjöld	426	390	407
Rekstrarniðurstaða	(406)	(369)	(375)

Atvinnumál Hafnarfjarðar og ferðamál

Í samræmi við samning bæjarins við Markaðsstofu Hafnarfjarðar (MsH) sinnir MsH verkefnum á sviði ferðamála. Að auki verður 1 milljón kr. varið til stefnumótunar í ferðamálum með virkri þátttöku íbúa og ferðaþjónustuaðila.

Atvinnu- og ferðamál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	4	11	8
Samtals tekjur	4	11	8
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	16	18
Annar rekstrarkostnaður	20	19	7
Samtals gjöld	24	35	25
Rekstrarniðurstaða	(21)	(24)	(17)

Bókasafn

Bókasafn Hafnarfjarðar er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita bæjarbúum aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkosturinn endurspegli sem flest sjónarmið.

Bókasafnið er sú safneining almenningsbókasafna í landinu sem er með flest útlán og ein af þeim sem flestir gestir sækja. Safnkostur er um 130 þúsund eintök og árlega eru lánuð úr honum 220–230 þúsund eintök til þeirra 135–140 þúsund gesta er ýmissa hluta vegna heimsækja safnið. Útlán nema því um 8 eintökum á hvern bæjarbúa.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir sértekjum að upphæð 13,5 milljónir kr. Árgjald verður óbreytt fyrir árið 2017 en á síðasta ári hækkaði það úr 1.800 í 1.900 kr. Vonir standa til að markviss kynning á safninu skili auknum tekjum á þessum lið. Skilasektir hækka úr 25 í 30 kr. á dag á bók auk annarra minniháttar hækkana á gjaldskrá. Hafa ber í huga að helsti óvissuþátturinn í tekjum safnsins er fjöldi lánþega og útlána.

Stöðugildi eru 14,5 en starfsmenn eru 17. Þeim til viðbótar starfa 6 tímavinnustarfsmenn hjá safninu.


Afgreiðslutími á föstudögum var stytur á síðasta ári og verður óbreyttur árið 2017.

Rekstrarkostnaður fasteigna bókasafnsins er samkvæmt áætlun 37 milljónir kr. en öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Stærstu kostnaðarliðir eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.fl. Snemma árs 2016 greindist myglusveppur á þremur stöðum í safninu. Kostnaður vegna viðbragðsaðgerða gegn þessum vágesti varð verulegur og hefur hann hamlað starfsemi meira og minna allt árið; t.d. var tónlistardeild safnsins lokuð í yfir 5 mánuði. Vonandi er séð fyrir endann á vandamálinu.

Heildarfjárhæð til innkaupa á safnefni er nánast sú sama milli ára. Útlit er fyrir að árið 2017 verði rafbækur loks á boðstólum til lána á bókasöfnum. Gert er ráð fyrir aukningu bókaupaliðs vegna þessa en ótímabært er að fullyrða um útgjöld vegna þjónustunnar. Gjaldaliðir endurspeglu aukna áherslu á viðburðahald og kynningu á safninu næsta starfsár. Hærrí gjaldaliðir til þessara málaflokka endurspeglu þessa stefnu, en reiknað er með þátttöku í hefðbundnum viðburðum eins og Kynstrunum öllum, Draugabæ, Jólaborpi, Brúðubílum, Safnanótt, læsisátaki, Bóka- og bíódögum, Bókasafnsdeginum, Degi íslenskrar tungu o.fl.

Athygli er loks vakin á að sértæk þjónustukaup fyrir um 7 milljónir kr. á leitir.is frá Landskerfi bókasafna v/leitir.is og frá Landsaðgangi að rafrænum tímaritaáskriftum v/hvar.is er í raun kostnaður sem hlutfallslega mætti fella á öll bókasöfn bæjarfélagsins. Sömu leiðis heldur safnið, án endurgjalds, utan um skráningu gagna margra leik- og grunnskóla bæjarins í leitir.is

Þróun gestafjölda og útlána frá árinu 2010



Bókasafn – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	14	13	13
Samtals tekjur	14	13	13
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	116	111	108
Annar rekstrarkostnaður	68	63	60
Samtals gjöld	184	174	168
Rekstrarniðurstaða	(170)	(161)	(155)

Byggðasafn

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Hafnarfjarðar fyrir árið 2017 hljóðar upp á 67,6 milljónir kr. og skiptist í grófum dráttum þannig að launakostnaður er áætlaður 31,2 milljónir kr. og rekstrarkostnaður fasteigna rúmar 26 milljónir kr. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess mun nema um 9,4 milljónum króna. Þá er gert ráð fyrir að gjaldskrá safnsins hækki að jafnaði um 3,9% á árinu.

Föst stöðugildi á safninu eru 2,8 en að auki eru á safninu þrjár 75% stöður í þrjá mánuði á ári við yfirsetu yfir sumarið og stöður yfirsetufólks sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina.

Helstu verkefni safnsins á miðlunar- og rannsóknarsviði á árinu 2017 verða uppsetning þriggja nýrra sýninga, uppsetning tveggja minjaskilta, fyrirlestraröð og sögu/minjagöngur, auk húsa- og fornleifaskráningar í Vesturbæ. Auk nýrra sýninga á Strandstígunum og í Pakkhúsinu verður unnið að eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu, Góðtemplarahúsinu og Beggubúð. Þá mun safnið taka þátt í ýmsum viðburðum á árinu, s.s. Safnanótt, Íslenska safnadeginum, Björtum dögum, Jólaborpinu, jóladagskrá fyrir leikskóla o.s.frv.

Byggðasafn – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1	1	4
Samtals tekjur	1	1	4
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	32	30	27
Annar rekstrarkostnaður	32	31	45
Samtals gjöld	65	61	72
Rekstrarniðurstaða	(64)	(60)	(68)

Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 5,3 milljónir kr.

Á safninu eru 4,2 stöðugildi. Ein 60% staða afgreiðslufulltrúa, 50% staða umsjónarmanns fasteigna/tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem tveir einstaklingar hafa skipt með sér. Auk þess er tímavinnufólk á föstum vöktum í afgreiðslu um helgar og tæknimenn sem vinna við uppsetningu sýninga.

Rekstrarkostnaður fasteigna Hafnarborgar er samkvæmt þessari áætlun 45,6 milljónir kr. en öll starfsemi Hafnarborgar fer fram í húseigninni Strandgötu 34. Geymslur safnsins eru í kjallara hússins, sýningarsalir og veitingaaðstaða á fyrstu og annarri hæð og skrifstofur auk listamannaíbúðar á annarri hæð og í risi. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv.

Kostnaður við kaup á búnaði er 400 þúsund kr. Á árinu 2015 var tekið í notkun fræðslurými á annarri hæð safnsins og þarf að fjárfesta í búnaði til að byggja þar upp þjónustu við safngesti, sérstaklega börn og fjölskyldur. Auk þess þarf að huga að endurnýjun tækjabúnaðar til sýninga á stafrænu efni, bæði mynd og hljóði.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hverskonar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun 12 milljónir kr., eða um 10% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðir eru sýningargerð og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu níu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, listamanna- og sýningarstjóraspjöllum, málþingum og fleiru. Hafnarborg hefur eftir fremsta megni reynt að greiða listamönnum fyrir þátttöku í sýningum og öðrum verkefnum sem þeir vinna að fyrir safnið. Þeir hafa stundum fengið greidda þóknun og/eða efniskostnað og þátttöku í viðburðum, allt eftir umfangi sýninga. Listamenn hafa að undanförunu óskað eftir að fá greitt samkvæmt samningi sem SÍM (Samband íslenskra myndlistarmanna) hefur unnið að. Til að Hafnarborg geti greitt eftir þeim samningi þarf að hækka framlög verulega. Samkvæmt útreikningum þyrftu greiðslur til listamanna að hækka í 7,4 milljónir kr. til að standa undir

kostnaði bæði við greiðslur til listamanna vegna sýninga og aðrar greiðslur. Á næsta ári hækkar þessi liður um 37% og verður 3,7 milljónir kr.

Auk þess stendur Hafnarborg fyrir veglegri tónleikadagskrá á árinu. Næsta haust hefst 15. starfsár hádegistónleika í Hafnarborg. Tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel sóttir. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Tvisvar sinnum á ári eru síðan tónleikar undir heitinu Hljóðönn þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil.

Þá er gert ráð fyrir sögugöngum í samstarfi við Byggðasafnið auk þátttöku í ýmsum viðburðum, s.s. Safnanótt, Íslenska safnadeginum, jóladagskrá o.s.frv. Auk þessa er gert ráð fyrir kostnaði vegna ferðar á Fenejvatvíæringinn, helstu myndlistarsýningu heims, sem haldinn er annað hvert ár í Fenejjum. Fulltrúi Íslands er að þessu sinni Egill Sæbjörnsson sem hélt sýningu í Hafnarborg í nóvember 2016. Mikilvægt er að fulltrúi safnsins sé á staðnum til að kynna sér það sem efst er á baugi í samtímalist, fylgja Agli úr hlaði og rækta sambönd í alþjóðalistheiminum. Þá er einnig fært á þessa lykla kostnaður er snýr að faglegu safnastarfi, varðveislu og sýningabúnaði. Annar kostnaður við rekstur safnsins er 2,8 milljónir kr. og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar og kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi.

Hafnarborg – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	5	7	12
Samtals tekjur	5	7	12
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	43	45	37
Annar rekstrarkostnaður	65	60	65
Samtals gjöld	108	105	102
Rekstrarniðurstaða	(103)	(98)	(90)

Menningarmál – m. kr.	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Bókasafn	14,3	16	14,3	16
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7
Hafnarborg	4,7	9	4,7	9
Samtals	22,4	32	22,4	32

2.8 Brunamál og almannavarnir

Á málaflökkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 201 milljón kr. og Björgunarsveitar Hafnarfjarðar um 17 milljónir kr. en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins hækkar um 9% frá árinu 2016 en ástæða þeirrar hækkunar er að hluta til hækkan á framlagi í fjárfestingarsjóð en rekstrarframlagshlutinn hækkar um 6% milli ára. Fjárfestingarframlag ársins 2016 var skorið niður um rúmar 64 milljónir kr. annað árið í röð og fjárfestingum í nýjum slökkvibifreiðum frestað. Búið er að ákveða að kaupa 4 nýjar slökkvibifreiðir sem verða afhentar á árunum 2017–2019.

Brunamál og almannavarnir – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	218	201	202
Samtals gjöld	218	201	202
Rekstrarniðurstaða	(218)	(201)	(202)

2.9 Hreinlætismál

Hafnarfjarðarkaupstaður er aðili að Sorpu bs. Tilgangur þess er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf. annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út árið 2013 til 8 ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp og pappír. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð Sorpu á Breiðhelli og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu. Áætlað er að tekjur vegna heilbrigðisgjalds verði óbreytt og að framlag til Heilbrigðiseftirlits hækki um 5,2 milljónir kr. eða í 39 milljónir kr.

Framlag til Sorpu hækkar um 40,6 milljónir kr. eða um 39% og sorphirða heimilissorps og eyðing um 10 milljónir kr. eða um 5,5%.

Hreinlætismál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	370	322	299
Samtals tekjur	370	322	299
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	387	330	314
Samtals gjöld	387	330	314
Rekstrarniðurstaða	(17)	(8)	(15)

2.10 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimild til skipulags- og byggingarmála hækkar um 24,8 milljónir kr., annars vegar vegna lækkunar á tekjum og hins vegar vegna launabreytinga, sem aftur skýrast annars vegar af nýjum kjarasamningum og hins vegar af starfsmati.

Áætlaðar tekjur vegna gjalds fyrir stöðuleyfi gáma lækka frá fyrra ári. Í áætlunum fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir uppbyggingu í Skarðshlíð, en henni seinkar um eitt ár. Haldið verður áfram með hreinsunarátak í bænum og áætlað er að leggja út fyrir framkvæmdum á kostnað eigenda eða lóðarhafa þar sem ástæða þykir til. Óvissa er um endurheimtur af því fjármagni.

Haldið verður áfram með breytingu á skipulagi í Skarðshlíð og skipulagsvinnu á grundvelli skýrslu þéttingarhóps. Áætlað er að úthlutun lóða úr öðrum áfanga í Skarðshlíð geti hafist á vormánuðum. Haldið verður áfram með endurskipulagningu þriðja áfanga Skarðshlíðar, þess hluta er snýr að sérbyli, með það að markmiði að boðið verði áfram upp á minni einingar í raðhúsum, parhúsum og sérbyli. Aðalskipulag Hafnarfjarðar verður tekið til endurskoðunar og breytingar gerðar til samræmis við tillögur um þéttingu byggðar, endurskoðun á bílastæðareglum, breytta landnotkun og enduruppbyggingu á eldri iðnaðar- og athafnasvæðum. Lokið verður við deiliskipulag vegna breyttrar legu Ásvallarbrautar til samræmis við framkomnar athugasemdir íbúa í Áslandi 3. Einnig verður lokið við deiliskipulag Kaldárselsvegur frá hringtorgi við kirkjugarð að vegi að Hvaleyrarvatni. Stefnt er að því að taka til deiliskipulags svæði Flensborgarhafnar og miðbæjar Hafnarfjarðar. Til skoðunar er hvort efna eigi til tveggja skipulagssamkeppna um þessi svæði. Unnið verður úr þeim hugmyndatillögum sem bárust um endurbyggingu og uppbyggingu á athafna- og iðnaðarsvæðinu meðfram Reykjavíkurvegi, stundum nefnt Hraunin. Þá er byrjuð skipulagsleg athugun á legu borgarlínu. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á reit Lækjargötu 2 (Dvergs). Haldið verður áfram að vinna deiliskipulag í eldri hverfum, m.a. í Vesturbæ, þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður fékk styrk vegna verndarsvæða í byggð.

Þá hefur skipulags- og byggingarráð samþykkt að fara yfir ferli kynninga á vegum umhverfis- og skipulagsþjónustu. Framlag til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er 3,5 milljónir kr.

Skipulags- og byggingarmál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	68	78	103
Samtals tekjur	68	78	103
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	96	82	104
Annar rekstrarkostnaður	53	46	(9)
Samtals gjöld	149	129	95
Rekstrarniðurstaða	(81)	(51)	8

2.11 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 62,8 milljónir kr. á milli ára. Innri leiga gatnakerfisins hækkar um tæpar 42 milljónir kr. og framlag til almenningssamgangana um tæpa 21 milljón kr. eða 8%.

Umferðar- og samgöngumál – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	846	781	790
Samtals gjöld	846	781	790
Rekstrarniðurstaða	(846)	(781)	(790)

2.12 Umhverfismál

Reiknuð hlutdeild umhverfismála í rekstri hækkar um 4,3 milljónir kr.

Umvhverfismál – m.kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	137	130	79
Samtals gjöld	137	130	79
Rekstrarniðurstaða	(137)	(130)	(79)

2.13 Sameiginlegur kostnaður

Kostnaður vegna reksturs tölvu- og upplýsingakerfa er nánast óbreyttur á milli ára. Verulegir áfangar hafa náðst við endurnýjun tölvubúnaðar, sbr. meðfylgjandi töflur, þannig að það markmið er að nást að búnaður sé helst ekki eldri en fimm ára. Á árinu er gert ráð fyrir að rekstur grunntölvukerfa, þ.e. vélasalur og þjónusta við hann, verði boðinn út. Ekki liggur fyrir hver kostnaður vegna þess verður en fyrir liggur að verði það ekki gert þarf að fara í umtalsverðar fjárfestingar í núverandi búnaði sem nemur a.m.k. 15 milljónum kr.

Gert er ráð fyrir að endurnýjun verði sem hér segir:

Tölvukaup	2014	2015	2016	2017 *	Alls
Grunnskólar					
Borðtölvur	47	256	210	103	616
Fartölvur	28	121	89	100	338
Spjaldtölvur	15	522	397	1.056	1.990
Leikskólar					
Borðtölvur	5	12	45	17	79
Fartölvur	16	22	15	15	68
Spjaldtölvur	100		73	50	223
Aðrar stofnanir					
Borðtölvur	34	22	40	30	126
Fartölvur	21	26	16	31	94
Spjaldtölvur	5				5
Samtals					
Borðtölvur	86	290	295	150	821
Fartölvur	65	169	120	146	500
Spjaldtölvur	120	522	470	1.106	2.218

* Skipting milli borð- og fartölva ekki endanlega ákveðin

Kostnaður vegna mannauðsmála eykst um 45,1 milljónir kr. Stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar verður boðið upp á stjórnendabjálfun. Vinnustaðagreining verður lögð fyrir alla starfsmenn bæjarins á árinu og kostnaður vegna innleiðingu á jafnlaunastaðli verður 4,6 milljónir kr. Kostnaður vegna starfsaldursviðurkenninga og jólagjafa er 21,5 milljónir kr. og kostnaður vegna líkamsræktarstyrkja 15 milljónir kr.

Workplace by Facebook tekur að hluta yfir núverandi innri vef. Markmiðið er að auka upplýsingaflæði og miðlun þekkingar, styrkja ímynd bæjarins sem eins vinnustaðar og stuðla að skilvirkari vinnubrögðum og meiri samvinnu milli starfsmanna og deilda.

Kostnaður vegna upplýsingamála eykst um kr. 3,5 milljónir kr. vegna nýrra ímyndarauglýsinga og áætlað framlag til Hafnarfjörður – heilsueflandi samfélag er 10 milljónir kr.

Stöðugildum á stjórnsýsluviði fjölga um eitt en ráðinn verður gæðastjóri í samræmi við ákvörðun bæjarráðs um að tekið verði upp vottað gæðakerfi hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Í fyrstu verður gæðakerfi komið á hjá stjórnsýsluviði, fjármálasviði og umhverfis- og skipulagsþjónustu en síðan munu fjölskylduþjónusta og fræðslu- og frístundaþjónusta bætast við.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:				
Þjónustugjöld	71	79	55	54
Samtals tekjur	71	79	55	54
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld	490	455	448	384
Lífeyrisskuldbinding	952	900	1.007	910
Annar rekstrarkostnaður	607	510	470	399
Samtals gjöld	2.049	1.865	1.925	1.693
Rekstrarniðurstaða	(1.978)	(1.786)	(1.870)	(1.639)

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Bæjarskrifstofa	29,25	30	28,25	29
Tölvudeild	5,3	6	5,3	6
Þjónustuver	6,9	7	6,9	7
Samtals	41,45	43	40,45	42

2.14 Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn í A-hluta. Fráveita og Vatnsveita greiða 79,5 milljónir kr. hvor eining og Húsnæðisskrifstofa 10,6 milljónir kr.

Launaáætlun er byggð á nýjum kjarasamningum og starfsmati. Heildarlaunakostnaður er 350 milljónir kr. og lækkar um 20 milljónir kr. milli ára vegna tilfærslu sláttuhóps vinnuskólans undir æskulýðs- og íþróttamál að fjárhæð um 35 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að fram fari skoðun á verkum starfsmanna sviðsins með það að markmiði að verkskipting verði endurskipulögð þannig að til verði nýtt stöðugildi umhverfisfulltrúa, án þess að stöðugildum verði fjölgað.

Rafmagn í sveitarfélaginu var boðið út 2016 og var útboðið bænum tiltölulega hagstætt. Hækkun á rafmagni og hita sem tengist nýjum samningi, verðlagsþróun og endurskoðun er um 8 milljónir kr. eða um 4%.

Viðhald bifreiða er hækkað um 8 milljónir kr. vegna leiðréttingar á vinnu þjónustumiðstöðvar við viðhald á bifreiðum.

Á undanförunum árum hefur jafnt og þétt verið aukið við viðhaldsfé til fasteigna bæjarins en mikið var skorið niður þar eftir hrun. Heildarviðhaldsfé fyrir fasteignir og lóðir er nú 238,9 milljónir kr. og er aðkeypt vinna hækkuð um 13 milljónir kr. milli ára.

Snjómokstur og hálkuvarnir eru unnar að mestu með tækjum og mönnum sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóar. Árið 2017 er áætlað að bjóða sérstaklega út snjóruðning og hálkuvarnir á stígum og er sérstaklega aukið við fjármagn vegna þess. Áætlað er að snjóruðningur á aðalleiðum göngu- og hjólastíga í gegnum bæinn verði boðinn út með það að markmiði að búið sé að ryðja fyrir kl. 8 á morgnana en það er breyting frá því sem verið hefur. Kostnaður vegna snjómoksturs og hálkuvarna gatna og stíga er áætlaður um 66 milljónir kr. árið 2017, sem er aukning um 35 milljónir kr. milli ára. Jafnframt er kostnaður við snjóruðning gatna endurskoðaður út frá rauntölum. Raunkostnaður hefur verið á bilinu 28–50 milljónir kr. síðustu ár.

Viðhald gatna og gönguleiða er boðið út að mestu sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2017 eru áætlaðar um 157 milljónir kr. í þessa liði, sem er aukning um 16 milljónir kr. milli ára eða 11,3%.

Enn er nokkur uppsöfnuð viðhaldsþörf í gatnakerfi bæjarins en mikið hefur þó áunnist síðustu ár. Haldið verður áfram með fyrirbyggjandi viðhaldsverkefni.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu vegna viðhalds á malbiki. Heildarviðhaldsfé er 104,4 milljónir kr. og hækkar um 13 milljónir kr. milli ára eða um 14,2%.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu við yfirborðsmerkingar gatna. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 16 milljónir kr. og hefur hækkað um 2 milljónir kr. milli ára eða um 16,7%. Ekki hefur náðst að klára allar yfirborðsmerkingar á götum síðustu ár.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu við sópun. Heildarkostnaður í aðkeyptri vinnu er 18 milljónir kr. og hefur hækkað um 2 milljónir kr. milli ára eða um 12,5%, sem eykur þjónustustig gatna og stíga.

Viðhald snjóbræðslukerfa er hækkað um 3 milljónir kr.

Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum.

Fyrir árið 2017 eru áætlaðar um 116 milljónir kr. til viðhalds og reksturs á opnum svæðum, sem er aukning um 40 milljónir kr. eða um 52,6%.

Haldið verður áfram við uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og á Víðistaðartúni en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Aukið er við fjármagn til umhverfisvaktar en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa opin svæði í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangsroð eftir mikilvægi. Unnið hefur verið við frágang í Seltúni í Krýsuvík undanfarin ár og verður þeirri vinnu haldið áfram í sumar.

Sláttur á opnum svæðum verður boðinn út að hluta og hefur aðkeypt vinna verið hækkuð um 20 milljónir kr. Með þessu mun bæjarvinnan eiga auðveldara að sinna slætti á öðrum svæðum en nokkuð hefur bæst við af svæðum samhliða frágangi í nýjum hverfum.

Beðahreinsun verður einnig boðin út en með því ætti vinnuskólinn að eigi auðveldara með að viðhalda beðunum meðan hann starfar. Aðkeypt vinna er hækkuð um 10 milljónir kr.

Haldið verður áfram að halda við leiksvæðum og er sá liður hækkaður um 3 milljónir kr.

Framlag til Reykjanesfólkvangs er hækkað í 1,2 milljónir kr. samkvæmt áætlunum frá fólkvanginum en það er um það bil tvöföldun á núverandi framlagi.

Í samvinnu við fræðslu- og frístundþjónustu verður garðlöndum bæjarins lokað í Vatnshlíð og boðið upp á fjölskyldugarða í þeim skólagörðum sem reknir eru innan bæjarins.

Laun vegna sumarstarfsmanna verða flutt miðlægt á fræðslu- og frístundþjónustu.

GN eignir, sem var eignarhaldsfélag um eftirtaldar eignir bæjarsjóðs: Lækjarskóla, Leikskólann Álfastein og Íþróttamiðstöðina Björk, var sameinað eignasjóði og er rekstur þeirra nú hluti af 31-111.

Samantekinn kostnaður í viðhaldi hefur tekið nokkrum breytingum frá 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir viðhald hjá eignasjóði frá árinu 2011:

Eignasjóður	Raunkostnaður 2011	Raunkostnaður 2012	Raunkostnaður 2013	Raunkostnaður 2014	Raunkostnaður 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Viðhald húsnæðis og búnaðar	50.634	83.667	228.472	239.886	221.000	226.315	238.885
Viðhald gatnasvæða	42.995	43.678	111.764	142.159	134.550	141.550	157.636
Viðhald opinna svæða	38.675	40.591	39.068	65.559	76.417	76.385	116.094

Eignasjóður – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	3.474	3.224	3.115
Samtals tekjur	3.474	3.225	3.115
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	350	370	324
Annar rekstrarkostnaður	1.383	1.350	1.341
Afskriftir	659	613	632
Fjármagnsliðir	1.607	1.636	1.325
Samtals gjöld	3.999	3.969	3.622
Rekstrarniðurstaða	(525)	(744)	(507)

2.15 Vatnsveita

Tekjur Vatnsveitu hækka um 4% með vísitöluhækkun á vatnsgjaldi. Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Vatnsveita mun auka hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu um 4,5 milljónir kr. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, m.a. vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun. Haldið verður áfram að vinna að sameiginlegum málum vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Vatnsveita – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	384	368	445
Samtals tekjur	384	368	445
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	53	52	51
Annar rekstrarkostnaður	136	120	97
Afskriftir	55	48	51
Fjármagnsliðir	0	44	28
Samtals gjöld	244	265	227
Rekstrarniðurstaða	140	104	218

2.16 Fráveita

Tekjur Fráveitu munu hækka um 5% með vísitöluhækkun á fráveitugjaldi. Rekstur Fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Fráveita mun auka hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu um 4,5 milljónir kr. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar miðlægrar umsýslu fyrir Fráveitu, m.a. vegna launavinnslu og hlutdeildar í allri almennri stjórnsýslu og stjórnun.

Fráveita – m.kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	753	715	758
Samtals tekjur	753	715	758
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	36	40	39
Annar rekstrarkostnaður	166	161	148
Afskriftir	93	93	92
Fjármagnsliðir	212	234	198
Samtals gjöld	507	528	477
Rekstrarniðurstaða	246	187	281

2.17 Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarbær á 227 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og 11 íbúðir sem leigðar eru til endurleigu. Verið er að ganga frá kaupum á 3 íbúðum til viðbótar og verður þá heildarfjöldi í eigu bæjarins orðinn 230 í árslok 2016. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 200 milljónir kr. til endurfjárfestingar í kerfinu á árinu 2017. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarbæjar er í dag 1.093 kr/m² og er það bundið vísitölu. Vegna þeirra íbúða sem eru í framleigu greiðir Hafnarfjarðarbær 2.020 kr/m² og er það einnig bundið vísitölu.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi, svo sem málun, viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhússviðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald.

Kostnaður við viðhald íbúða húsnæðisskrifstofu:

Húsnæðisskrifstofa	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Raunk. 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Viðhald íbúða húsnæðisskrifstofu	43.917	41.293	41.965	48.316	62.938	52.500	52.500

Tekjur Húsnæðisskrifstofu hækka vegna vísitöluhækkunar. Þá hækka fasteignagjöld, en brunatryggingar lækka frá 2016. Húsnæðisskrifstofa greiðir hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagsþjónustu og fjölskylduþjónustu, alls 21,2 milljónir kr. Verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna fjölskylduþjónustu og umhverfis- og skipulagsþjónustu á málaflokkinn.

Húsnæðisskrifstofa – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	332	319	294
Samtals tekjur	332	319	294
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	168	166	161
Afskriftir	44	43	43
Fjármagnsliðir	150	157	103
Samtals gjöld	362	366	264
Rekstrarniðurstaða	(30)	(47)	(13)

Umhverfis- og skipulagsþjónusta	Stöðugildi 2017	Starfsmenn 2017	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016
Skipulags- og byggingarmál	6,5	6,5	6,5	6,5
Framkvæmdamál	19	19,5	19	19,5
Þjónustumiðstöð	16	16	16	16
Vatnsveita	4	4	4	4
Fráveita	4	4	4	4
Samtals	49,5	50	49,5	50

2.18 Hafnarfjarðarhöfn

Umferð og vöruflæði um Hafnarfjarðarhöfn hefur aukist nokkuð á þessu ári og tekjur hafnarsjóðs farið vaxandi eins og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2016. Reiknað er með frekari aukningu í skipaumferð á árinu 2017, bæði í umferð frystiskipa og vöruflutningaskipa, auk þess sem viðkomur skemmtiferðaskipa verða töluvert fleiri en undanfarin ár. Tilkoma nýrrar frystigeymslu Eimskips við Suðurbakka hefur haft mjög jákvæð áhrif og aukið bæði skipaumferð og löndun á frystum sjávarafurðum.

Breytingar voru gerðar á stjórnun og starfsskipulagi hjá höfninni á árinu 2016 auk þess sem nokkrir af eldri starfsmönnum láta af störfum á árinu. Föstum stöðugildum mun fækka um eitt en þess í stað verður aukið við afleysingar á álagstíma yfir sumartímann og starfsemi á skrifstofu og við reikningshald endurskipulögð.

Lögð hefur verið áhersla á að nota bætta afkomu hafnarsjóðs til að greiða niður langtímaskuldir hafnarinnar og samkvæmt langtímaáætlun verða þær að fullu uppgreiddar á næstu 3-4 árum.

Unnið hefur verið að endurbótum á öryggis- og eftirlitsbúnaði á hafnarsvæðum í Hafnarfjarðarhöfn og viðhaldi á hafnarbökkum þar og í Straumsvíkurhöfn. Þá hefur hafnarstjórn samþykkt að efna til samkeppni í samvinnu við skipulags- og byggingarráð bæjarins um framtíðarskipulag og uppbyggingu í Flensborgarhöfn og næsta nágrenni. Er stefnt að því að niðurstaða þeirrar samkeppni liggi fyrir vorið 2017.

Hafnarfjarðarhöfn – m. kr.	Áætlun 2017	Áætlun 2016	Ársreikningur 2015
Tekjur:			
Þjónustugjöld	585	555	514
Samtals tekjur	585	555	514
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	154	168	170
Lífeyrisskuldbinding	18	17	36
Annar rekstrarkostnaður	144	145	139
Afskriftir	64	60	59
Fjármagnsliðir	52	63	47
Samtals gjöld	432	453	451
Rekstrarniðurstaða	153	102	63

Hafnarfjarðarhöfn	Fjöldi stöðugilda 2017	Fjöldi starfsmanna 2017	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016
Hafnarfjarðarhöfn	11	11	12	12

Framkvæmdaáætlun 2017

Fjárheimild til framkvæmda er 1.435,5 milljónir kr., sem ætlað er að fjármagna með veltufé frá rekstri. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmdir við nýjan grunn- og leikskóla í Skarðshlíð hefjist á árinu 2017 og að fyrsta áfanga skólans verði lokið um mitt ár 2018 þannig að nýr skóli geti hafið starfsemi þar haustið 2018. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á árinu 2017 vegna þessa fyrir um 1.000 milljónir kr., sem fjármagnaðar verða með andvirði af sölu lóða í Skarðshlíð. Gert er ráð fyrir að andvirði af sölu lóða í Skarðshlíð standi alfarið undir kostnaði við byggingu skólans og tryggi heildarfjármögnun. Jafnframt er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir fyrir allt að 1.000 milljónum kr. við byggingu hjúkrunaheimilis við Sólvang en nýr samningur við heilbrigðisráðherra var undirritaður í október 2016. Byggingin er samkvæmt svokallaðri leiguleið sem felur í sér að Hafnarfjarðarkaupstaður hannar, byggir og fjármagnar bygginguna og leigir síðan til ráðuneytisins til 40 ára samkvæmt samningi. Gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd verði fjármögnuð með nýju láni. Ákveðið er að rífa Dverg, Lækjargötu 2, á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að söluandvirði lóða standi undir kostnaði við niðurrifin.

Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að verja til framkvæmda á árinu 2017 samtals 3.435,5 milljónum kr.

Framkvæmdir samkvæmt fjárhagsáætlun 2017 skiptast sem hér segir:

Umhverfi og götur	Upphæð í m. kr. Fjármagnað með veltufé frá rekstri	Upphæð í m. kr. Fjármagnað með lóðasölu/ lántöku
Ríkið hefur samþykkt að fara í gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut/Krýsuvíkurveg. Samhliða verður farið í að tengja Selhelli og Suðurbraut við þau gatnamót.	200	
Haldið verður áfram undirbúningi að gerð Ásvallabrautar sem tengir saman Ásland og Velli. Jafnframt verður unnið áfram að nýrri legu á Kaldárselsvegi í samvinnu við Vegagerðina.	20	
Haldið verður áfram við frágang stétta og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum, Áslandi og Skipalóni.	28	
Farið verður í gerð nýs hringtorgs á gatnamótum Krýsuvíkurvegar, Ásvallabrautar og Álfhelli.	70	
Farið verður í lokaáfangu stækkunar kirkjugarðsins á Öldum í samvinnu við stjórn kirkjugarðsins.	30	
Hafin verður vinna við gerð göngu- og hjólastígs við Kaldárselsveg.	30	
Haldið verður áfram við gerð hjóltreiddastíga við stofnbrautir í bænum í samvinnu við Vegagerðina.	15	
Unnið verður í frekari frágangi á Norðurbakkanum og í miðbænum. Jafnframt verður farið í endurnýjun á yfirborði á Fjarðargötu vegna snjóbræðslu að hluta.	32	
Hafin verður vinna við endurgerð á gönguleiðum við Hringbraut og við endurgerð gatnamóta Hringbrautar/Öldugötu.	10	
Í tengslum við ríf á Dverg verður farið í að endurgera Lækjargötu á þeim kafla. Endurnýjaðar verða lagnir, gatnayfirborð og gönguleiðir.	45	
Biðskýlum verður fjölgað.	2	
Unnið verður að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Hafnarfjörð sem og að bættu umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Jafnframt er komið að því að endurskoða kortlagningu hávaðakorta.	15	
Endurnýjuð verða tæki í þjónustumiðstöð en mörg þeirra eru komin vel til ára sinna.	20	
Áætlað er að hefja varanlegan frágang við grenndarstöðvar og verður byrjað í miðbænum	2	
Orkusalan hefur hug á að afhenda bænum rafmagnshleðslustöð fyrir bíla og mun bærinn fara í frágang á svæðinu sem fyrir valinu verður.	2	
Unnið verður að umhverfismálum, svo sem á Víðistaðartúni, Hellisgerði, Kaldárseli og Krýsuvík, og að merkingum gönguleiða og merkingum á áhugaverðum stöðum, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.	25	
Eignfærð skipulagsgjöld.	55,5	

<i>Fasteignir</i>	Upphæð í m.kr.	Upphæð í m.kr.
Flýtiframkvæmdasamningur er í gangi við FH í Kaplakrika, m.a. vegna aðgengis fatlaðra, aðkomu að íþróttamannvirkjum og einangrunar og klæðningar frjálsíþróttahúss.	67	
Hafnar verða framkvæmdir við endurnýjun á gervigrasi í Kaplakrika	70	
Hafnar verða framkvæmdir við nýtt æfingahús á Ásvöllum.	200	
Hafin verður malbikun að skotæfingasvæðinu.	10	
Flýtiframkvæmdasamningur er í gangi við Keili vegna breytinga á völlum félagsins.	13,5	
Hafin verður vinna við endurskoðun á skólalóðum Hvaleyrarskóla og Öldutúnsskóla.	12	
Hafin verður vinna við endurskoðun á útisvæði Suðurbæjarlaugar.	1	
Farið verður í lokaúttekt á Ásvallalaug.	5	
Unnið verður að bættu aðgengi fatlaðs fólks að stofnunum bæjarins.	5	
Unnið verður áfram að uppbyggingu eftirlitskerfis við loftmælingar í Hafnarfirði.	3	
Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingu á gasgerðarstöð hjá Sorpu bs.	47	
Lagt er til fjármagn til endurnýjunar búnaðar í stofnanir bæjarins.	25	
Haldið verður áfram með uppbyggingu hjúkrunarheimilis í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.		1.000
Farið verður í undirbúning á nýjum leik- og grunnskóla í Skarðshlíð. Fjárveiting vegna þessa kemur frá sölu lóða.		1.000
<i>Veitur</i>	Upphæð í m.kr.	Upphæð í m.kr.
Endurgerð heimæða vatnsveitu.	30	
Endurnýjaðar verða girðingar við vatnsbólið í Kaldárbotnum.	4	
Sett verður upp vatnsdælustöð í Skarðshlíð.	3	
Endurgerð heimæða fráveitu.	5	
Farið í framkvæmdir í tengslum við endurnýjanir lagna í Lækjargötu.	30	
Hafin verður vinna við fódrun lagna í miðbæ og Suðurbæ.	16,5	
Hafin verður vinna við nýjar fráveitulagnir á Völlumum.	50	
Farið verður í lagfæringar á fráveitudælubrunnum.	7	
Farið verður í lagfæringar á húsnaði fráveitu.	5	
<i>Húsnaðisskrifstofa</i>	Upphæð í m.kr.	Upphæð í m.kr.
Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúða er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð kr. 200 milljónir til endurfjárfestingar í kerfinu.	200	
<i>Hafnarsjóður</i>	Upphæð í m.kr.	Upphæð í m.kr.
Uppbygging á Suðurhöfn	25	
Samtals	1.435,5	2.000
Heildarfjárfestingar 2017	3.435,5	

Í desember 2016 verður boðin út gerð mislægra gatnamóta við Reykjanesbraut/Krísuvíkurveg. Framkvæmdinni á að vera lokið á árinu 2017 en í þeirri framkvæmd eru tengingar við Suðurbraut, Flugvelli og Krísuvíkurveg, sem að hluta greiðist af Hafnarfjarðarbæ. Raun-framkvæmdarkostnaður liggur ekki fyrir. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við þetta verk verði 200 milljónir kr.

Einnig verður á árinu 2017 boðið út hringtorg við Krísuvíkurveg, sem tengist Vallarhverfinu og gerir aðgengi frá Reykjanesbraut á Vellina betra. Verkinu verður lokið á árinu 2017. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að kostnaður vegna framkvæmdar verði 70 milljónir kr. Framkvæmdin verður á vegum Vegagerðar ríkisins.

Áætlað er að endurgera gervigrasvöll í Kaplakrika sem er orðinn 20 ára og ekki nógu öruggur iðkendum. Hafnarfjarðarbær mun sjá um framkvæmdina og samkvæmt kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir 70 milljóna kr. kostnaði á árinu 2017 og 65 milljóna kr. kostnaði á árinu 2018. Haga þarf framkvæmdinni miðað við þessa skiptingu á kostnaði á milli áranna 2017 og 2018. Framkvæmdin verður boðin út til að tryggja hagstætt verð.

Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við nýtt æfingar- og kennsluhúsnæði ásamt frágangi á lóð á Ásvöllum, húsið var hannað og boðið út 2016. Áætlaður kostnaður við þessa framkvæmd er samtals um 550 milljónir kr. Framkvæmdinni verður stýrt af umhverfis- og skipulagsþjónustu. Gert er ráð fyrir að greiddar verði 200 milljónir kr. vegna þessa verks á árinu 2017. Eftirstöðvarnar verði greiddar á árinu 2018.